



Afrekssjóður SÍK



1. gr.

Sjóðurinn heitir AFREKSSJÓÐUR SÍK og er stofnaður af Kópavogsbæ 1999. Heimili sjóðsins og varnarþing er á Reykjanesi.

2. gr.

Markmið sjóðsins eru:

- a) Að veita afreksíþróttafólki í íþróttafélögum í Kópavogi fjárhagslegan styrk vegna æfinga og/eða keppni, og þannig búa þeim sem besta aðstöðu til að stunda íþrótt sína.
- b) Að veita afreksíþróttafólki í hópíþróttum í íþróttafélögum í Kópavogi sem náð hefur afburðaárangri fjárhagslegan styrk og gera þeim kleift að búa sig enn betur undir áframhaldandi keppni
- c) Að veita afreksíþróttafólki styrk sem á lögheimili í Kópavogi en stundar ekki sína íþrótt í sveitarfélaginu þar sem hún er ekki í boði.
- d) Að veita styrki fyrir unnin afrek á árinu en undir það falla eftirfarandi titlar og met:
 - Titlar; Íslands-, bikar-, norðurlanda-, evrópu-, ólympíu- og heimsmeistaratitlar.
 - Met; Íslands-, norðurlanda-, evrópu-, ólympíu- og heimsmet.
 - Annar árangur.
- e) Að veita árlega styrki og viðurkenningar fyrir unnin afrek í íþróttum jafnt kvenna sem karla.

3. gr.

Stjórn sjóðsins

Stjórn sjóðsins er skipuð fulltrúum SÍK. Verkefni stjórnar er að ákvarða styrkveitingar og viðurkenningar fyrir unnin afrek, hafa eftirlit með nýtingu styrkveitinga, og sjá um fjáröflun og kynningarstarfsemi sjóðsins. Starfstími sjóðsstjórnar er kjörtímabilið.

4. gr.

Viðmið styrkveitinga

Við styrkveitingar til afreksíþróttafólks skal taka mið af eftirfarandi:

- a) Árangri á innlendum og erlendum vettvangi.
- b) Markmiðum og áætlunum um æfingar og/eða þátttöku í keppnum innanlands og erlendis.
- c) Unnum titlum í íþróttum á árinu.

5. gr.

Umsóknir um styrki

Stjórn sjóðsins auglýsir eftir umsóknum um styrki einu sinni á ári og skulu þær berast á þar til gerðum eyðublöðum.

Umsóknir um styrki:

- (a) Vegna einstaklinga skal umsókn vera í nafni viðkomandi íþróttamanns.
- (b) Vegna hópíþróttar skulu umsóknir vera í nafni viðkomandi íþróttaflokks/-hóps.
- (c) Umsóknir skulu vera staðfestar af formanni deildarinnar/félagsins.
- (d) Umsækjendur skulu ekki vera yngri en 16 ára, nema viðkomandi sé í A-landsliði.

Með umsóknum skulu fylgja:

- I. Áætlanir um æfingar og fyrirhugaða þátttöku í keppnum og markmiðum íþróttamannsins.
- II. Fjárhagsáætlun vegna fyrirhugaðra æfinga og/eða keppna.
- III. Önnur gögn er stjórn sjóðsins kann að telja nauðsynleg.
Stjórn Afrekssjóðs skal svara skriflega öllum umsóknum sem berast.

6. gr.
Greiðsla styrkja

Greiðslur úr afreksmannasjóði eru annars vegar styrkir og hins vegar viðurkenningar fyrir unna titla.

(a) Afrekssstyrkir (einstaklingar) Styrkir greiðast í tvennu lagi, helmingur þegar ákvörðun liggur fyrir og síðari hluti þegar styrktímabilið er hálfnað að fenginni greingargerð um nýtingu þess hluta sem þegar hefur verið greiddur. Vanræki styrkþegi þessa upplýsingaskyldu eða telji sjóðsstjórnin að styrkurinn hafi ekki verið nýttur í samræmi við framlagðar áætlanir er sjóðsstjórn heimilt að fresta eða víkja frá frekari styrkveitingum.

(b) Árangursstyrkir (hópiþrótt skv. töflu). Viðurkenningar greiðast fyrir unnin afrek á liðnu keppnistímabili.

Styrkuppþæðir miðast við fjármagnsgetu sjóðsins hverju sinni.

7. gr.
Skyldur styrkþega

Allir þeir íþróttamenn sem þiggja styrk úr afrekssjóði SÍK skulu hlíta þeim reglum sem Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands setur um lyfjanotkun og lyfjaeftirlit, svo og þeim almennu siða- og agareglum ÍSÍ eða viðkoandi sérsambands sem gilda um framkomu íþróttamanna innan vallar sem utan.

8. gr.
Tekjur sjóðsins

Árlegt framlag úr bæjarsjóði Kópavogs samkvæmt fjárhagsáætlun hvers árs.

9. gr.
Gildistími

Reglugerðin er samþykkt af Stjórn SÍK 2021 og skal endurskoðuð eigi síðar en árið 2025